

Alþingi  
Erindi nr. **P 127/2089**  
komudagur 26.4.2002

Til ráðherra, ráðuneytisstjóra og formanns efnahags- og viðskiptanefndar  
Frá skrifstofustjóra tekju- og lagaskrifstofu

**Efni:** Skattlagning veiðileigutekna

## **I. TILLAGA FRUMVARPSINS**

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með tillögu um breytta skattalega meðhöndlun á arðgreiðslum (tekjum) úr veiðifélögum skv. VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax og silungsveiði. Yfirlýstur tilgangur frumvarpsins er “að jafna stöðu þeirra er njóta arðgreiðslna úr veiðifélögum”, á þeim rökum að skv. gildandi lögum sé veiðiréttareigendum mismunað í skattlagningu eftir því hvort þeir eru í rekstri eða ekki.

Í framangreindu frumvarpi er lögð til breyting á 31. gr. laganna (frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri), sem felst í því að leyfa rekstraraðilum að draga frá tekjum sínum 74% af þeirri arðgreiðslu sem þeir fá úr veiðifélögum, sem leiði til þess að raunskattlagning verður líðlega 10% hjá einstaklingi með rekstur eða 9,6% ef tekjurnar renna í gegnum hlutafélag. Einstaklingar utan rekstrar greiða 10% fjármagnstekjuskatt af þessum tekjum.

Ríkisskattstjóraembættið leggst alfarið gegn þessari tillögu sem hér er kynnt, sbr. meðfylgjandi umsögn. Sérfræðingar FMR eru í meginatriðum sammála umsögn RSK, enda ljóst að sú leið sem lögð er til í frumvarpinu brýtur í bága við viðtekin sjónarmið í almennum skattarétti.

Í úrskurðum Yfirskattanefndar frá árinu 1999, sbr. 566/1999 og 568/1999 nefndin gerir þann greinarmun að ef um er að ræða aðila sem stundar búrekstur að þá teljist veiðileigutekjurnar atvinnurekstrartekjur en ef móttakandi teknanna er einstaklingur þá séu þær fjármagnstekjur utan rekstrar. **Eðli skattlagningarinnar ræðst þarna af brúttótekjum svo fer það bara eftir móttakanda teknanna hvort hann eigi rétt á frádrætti á móti þeim.**

## **II. BREYTINGARTILLAGA**

Fram er komin hugmynd að breytingartillögu við framangreint frumvarp. Lagt er til að fallið verði frá fyrri hugmynd um breytingar á 31. gr. laganna en í staðinn verði gerð breyting á 2. mgr. 30. gr. sömu laga (tekjur manna af tekjum utan atvinnurekstrar) svohljóðandi: „*Þá getur maður sem hefur búrekstur með höndum kosið við framtalsgerð hvers árs að tekjur, sem fallið hafa til næstliðið ár og lýst er í 2. tölul. C-liðar 7. gr., teljist honum til tekna utan rekstrar.*“

Sérfræðingar FMR fengu þessa nýju tillögu til nánari skoðunar. Ekki hefur unnist tími til að fara út nákvæmar athuganir eða fyrirspurnir um einstök atriði hennar, en við eftir fyrstu skoðun skal vakin athygli á eftirfarandi þremur meginatriðum.

**Í fyrsta lagi** fjallar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, um frádrátt manna af tekjum utan atvinnurekstrar, en breytingin snýr að einstaklingum í atvinnurekstri. Að mati FMR er tillagan því hreint stílbrot út frá uppbyggingu skattalaganna og í fullkomnu ósamræmi við innihald greinarinnar. Verður því ekki séð að breytingar á 30. gr. sé leið til lausnar.

**Í öðru lagi** segir í 3. mgr. 67. gr. laganna að tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar skuli vera 10% af þeim tekjum. (átt við brúttótekjur) Til fjármagnstekna teljast í þessu sambandi tekjur skv. 1. – 8. tölul. C-liðar 7. gr., þmt. 2. tölul. sem um getur í tillöggunni. 2. tölul. C-liðar 7. gr. er svohljóðandi: „*Arður, landskuld og leiga eftir hvers konar fasteignir og fasteignaréttindi, þar með talin námaréttindi, vatnsréttindi, jarðvarmaréttindi, veiðiréttur og hvers konar önnur fasteignatengd hlunnindi.*“ Af þessari upptalningu sést að nýja tillagan er mun víðtækari en sú fyrri, sem tók eingöngu til veiðileigutekna vegna lax- og silungsveiða.

Hér vaknar spurning um jafnræði. Stenst það almenn jafnræðissjónarmið að fasteignatekjur einstaklings í búrekstri séu skattlagðar með öðrum hætti en fasteignatekjur annarra einstaklinga í atvinnurekstri? Einstaklingur sem leigir út íbúðarhúsnæði yfir tilteknum verðmætamörkum (27 m.kr.) telst stunda atvinnurekstur og er skattlagður sem slíkur. Frá leigutekjum sínum getur hann dregið frá þann kostnað sem hann hefur af húsnæðinu og er mismunurinn síðan skattlagður eins og hverjar aðrar rekstrartekjur. Skv. gildandi lögum á sama við um bóndann sem hefur veiðileigutekjur eða aðrar fasteignatengdar tekjur.

Í hvort tveggja, frumvarpinu og breytingartillöggunni, er lagt til að tiltekin stétt manna, bændur, og tilteknar tekjur þeirra, hljóti sérstaka meðhöndlun. Ef slíkt frumvarp verður að lögum mun það veita vafasamt fordæmi og allt eins líklegt að aðrar stéttir óski eftir sérstakri meðhöndlun á tekjum sínum kjölfarið.

Skattstofn rekstraraðila eru hreinar tekjur af veiðileigunni eða fasteignatengdum hlunnindum eftir að frá hefur verið dreginn rekstrarkostnaður. Skattstofn einstaklings utan rekstrar er hins vegar heildartekjur af veiðileigunni eða fasteigninni án nokkurs frádráttar vegna kostnaðar. Rekstraraðili sem á aðild að veiðifélagi ber að færa til tekna hlutdeild í heildartekjum af veiðileigunni og hann getur fært til gjalda sömu hlutdeild í rekstrarkostnaði. Aðili að veiðifélagi sem er einstaklingur utan rekstrar ber að færa sér til tekna hlutdeild í heildartekjum og skattleggjast þær hjá honum með 10% skatti.

**Í þriðja lagi** hlýtur að teljast óeðlilegt og væntanlega jafnframt brot á jafnræðisreglunni að skattlagning tiltekinna tekna sé **valkvæð** í hendi móttakanda frá ári til árs, en í engu vikið að uppruna þeirra og hvernig skattlagningu hefur að öðru leyti verið hagað frá ári til árs. Þannig kann að háttá til eitt árið að rekstraraðili hefur litinn sem engan frádrátt frá leigutekjum og mun þá vitaskuld kjósa 10% skatt það árið. Hið gagnstæða gæti síðan gerst árið síðar. Ekki verður séð hvaða rök geti staðið til þess að aðilum sé gert mögulegt að haga skattlagningu á einni tegund tekna eftir því hvernig kostnaður fellur til frá ári til árs.

Að mati FMR er breytingartillagan ekki til þess fallin að auka á jafnræði skattþegnanna (draga úr mismun) heldur þvert á móti, leggst FMR því alfarið gegn frumvarpinu og breytingartillöggunni.